

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

46. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2017, fimmtudaginn 16. nóv. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Hulda Gunnarsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Ákveðið að fyrri umræða fjárhagsáætlunar verði þriðjudaginn 28. nóv. 2017.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð samgöngu og umhverfisnefndar.
2. Fundargerð menningar og kynningarnefndar.
3. Íbúáþing í Súðavíkurhreppi / Sigurborg
4. 105. Fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.
5. Uppsögn slökkviliðsstjóra / þjónustusamningur við Ísafjarðarbæ vegna yfirstjórnar slökkviliðsliðs.
6. Brunabótafélag Íslands / ágóðahlutagreiðsla.
7. Sérstakt strandveiðigjald til hafna / tilkynning frá Fiskistofu.
8. Fjarbeiðni Stígamóta fyrir árið 2018.
9. Kauptilboð í Arnarflöt 5.
10. Erindi frá Melrakkasetri Íslands.

1. Lagt fram. Fundargerðin samþykkt. Sveitarstjórn felur þeim liðum sem fela í sér fjáruhlát í umræðu fjárhagsáætlunar 2018
2. Lagt fram. Fundargerðin samþykkt.
3. Sigurborg Kr. Hannesdóttir kemur til fundarins og kynnir íbúáþingið sem er framundan. Þingið verður laugardag og sunnudag.
4. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja að samningi sveitarfélagsins við NAVE um eitt ár. Sveitarstjóra falið að ganga frá samninginum.
5. Lagt fram. Sveitarstjóri kynnir að hann hafi átt fund með bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og niðurstaðan af þeim fundi hafi verið að stefna að því að klára þjónustusamning við Ísafjarðarbæ, sem felur í sér að Ísafjarðarbær/ slökkviliðsstjóri taki að sér yfirstjórn slökkviliðs Súðavíkurhrepps.
6. Ágóðahlutur Súðavíkurhrepps er 234.500 kr. fyrir árið 2017.
7. Sérstakt strandveiðigjald er 568 þús.
- 8.

Sveitarstjórn samþykkir styrkveitingu upp á 100 þús. krónur. Vísað til fjárhagsáætlunar 2018.

9. Sveitarstjórn samþykkir kauptilboðin í báðar íbúðir Arnarflatar 5.

Kaupverð er 12,5 milljónir. Sveitarstjóra falið að ganga frá kaupunum.

10. Sveitarstjóra falið að ræða málið við framkvæmdastjóra Melrakkasetur Íslands.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:25

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

Valgeir Scott

Hulda Gunnarsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri